

# STJÓRNARTÍÐINDI B 111 – 2004

8. september 2004

1877

Nr. 748

## AUGLÝSING vegna riðu í Árnessýslu.

### 1. gr.

Með vísan til reglugerðar nr. 726 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar er athygli vakin á eftirfarandi skilgreiningum og svæðum:

*Sýkt svæði:* landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem hætta á riðusmiti er til staðar vegna samgangs og viðskipta með fé af sýktu svæði.

*Áhættusvæði:* landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem hætta á riðusmiti er til staðar vegna samgangs og viðskipta með fé af sýktu svæði.

*Ósýkt svæði:* landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem riðuveiki hefur ekki fundist sl. 20 ár.

Sýkt svæði í Árnessýslu eru: Ölfus, Hveragerði, Hrunamannahreppur og Bláskógabyggð að undanskildum Laugardal og Þingvallasveit.

Áhættusvæði í Árnessýslu eru: Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Árborg, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð að undanskildum Biskupstungum.

### 2. gr.

Af sýktu svæði og innan þess er óheimilt að flytja sauðfé og geitfé til lífs milli hjarða.

### 3. gr.

Bann er við sölu og flutningi á heyi, hálmi og túnþökum frá bæjum þar sem riða hefur komið upp sl. 20 ár.

Héraðsdýralæknir getur á sýktum og áhættusvæðum veitt leyfi til sölu á heyi, hálmi og þökum af túnnum (jörðum) þar sem hvorki hefur gengið fé né verið borinn á sauðfjárskítur síðustu tíu árin með þeim skilyrðum að:

- a. Hey sé allt í plöstuðum stórböggum eða rúllum,
- b. þökur séu aðeins notaðar á svæðum þar sem sauðfé kemst ekki að.

### 4. gr.

Bannað er að hafa fjárhús eða hýsa fé í hesthúshverfum í Árnessýslu nema með leyfi héraðsdýralæknis. Hrossataði úr hesthúshverfum skal ráðstafað í samráði við héraðsdýralækni og heilbrigðiseftirlit.

## 5. gr.

Sameiginlegar hrútasýningar eða aðrar sýningar sauðfjár og geitfjár, þar sem fé af fleiri en einum bæ er safnað saman, eru bannaðar innan sýktra svæða. Slíkar sýningar eru heimilar á áhættusvæðum að uppfylltum skilyrðum sem embætti yfirdýralæknis setur í hvert sinn. Sækja skal um leyfi fyrirfram.

## 6. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun til reglugerðar nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar og með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 724/2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 8. september 2004.*

**Guðni Ágústsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*